

Þingsályktun

um úrbætur í ferðaþjónustu.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gístaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna.

Samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986.